

Fimmtudaginn 10. júní 1971.

Nr. 33/1971.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Erni Jóhanssyni Steinssyni og

Ingólfi Sigurðs Ingólfssyni

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Verkfall opinberra sýslunarmanna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Véltjórar þeir, sem lögðu niður vinnu í Elliðaárstöðinni hinn 2.—3. desember 1969, voru fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 59/1965 höfðu þeir réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna. Tóku því lög nr. 33/1915 til þeirra. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Örn Jóhannsson Steinsson og Ingólfur Sigurðs Ingólfsson, greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 59/1965 er Landsvirkjun sameignarfyrtæki ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur, og á hvor sameignaraðili fyrtækið að hálfu. Í 8. gr. laganna er greint, hvernig stjórn fyrtækisins skuli skipuð, og í 9. gr. er þess getið, að stjórn fyrtækisins skuli ráða því framkvæmdastjóra. Þá segir svo í 3. mgr. 9. gr. laganna: „Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna“.

Í reglugerð fyrir Landsvirkjun, nr. 115/1966, segir í 1. mgr. 8. gr., að stjórn fyrtækisins ráði framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra, yfirverkfræðing, rekstrarstjóra og aðra hliðstæða starfsmenn. Framkvæmdastjóri ráði hins vegar aðra fasta starfsmenn og segi þeim upp, hvort tveggja að fengnu samþykki stjórnarinnar. Stjórnin setji starfsreglur fyrir fasta starfsmenn og semji um starfskjör þeirra. Í 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar eru endurtekin ákvæði 3. mgr. 9. gr. laganna og í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar er sagt, að fastráðnir starfsmenn geti valið um, hvort þeir gerist aðiljar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í niðurlagi 9. gr. reglugerðar nr. 115/1966 er tekið fram, að framkvæmdastjóri fyrtækisins ráði lausráðið starfsfólk og segi því upp.

Hinn 9. marz 1967 gerðu Vinnuveitendasamband Íslands, en Landsvirkjun er aðili að þeim samtökum, og Vélstjórafélag Íslands, samning „um kaup og kjör fastráðinna vélstjóra við störf í orkuverum Landsvirkjunar“. Í 10. gr. samnings þessa er ákveðið, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur vélstjóra skuli vera minnst þrír mánuðir miðað við mánaðamót, en Landsvirkjun geti þó áskilið sér lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, ef svo margir leiti „lausnar samtímis, að til vandræða geti leitt, ef lausnarbeiðni hvers og eins yrði veitt“. Í 24. gr. samningsins segir, að hann sé uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Samningi þess-

um sagði Vélstjórafélag Íslands upp með bréfi 28. ágúst 1967 frá 30. september s. á. að telja. Þrátt fyrir samningsupp-sögn þessa héldu vélstjórar þeir, er hér skipta máli, áfram störfum með sömu kjörum og í samningnum greindi, en að viðbættum nokkrum launabótum. Dagana 2. og 3. desember 1969 gerðu fjórir vélstjórar, er störfuðu hjá Landsvirkjun, verkfall. Ákærðu, sem á þessum tíma voru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Vélstjórafélags Íslands, höfðu á hendi undirbúning og skipulagningu verkfalls þessa.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna er lögð refsíabyrgð við þáttöku í verkfalli, „enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættis-skyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar“. Í 2. gr. laganna er hins vegar lögð refsíabyrgð á þann, er veitir tilstyrk sinn til þess, að verkföll þau, sem um ræðir í 1. gr., hefjist eða haldi áfram.

Vélstjórar þeir, er verkfall hófu 2. desember 1969, voru, svo sem að framan er rakið, í þjónustu atvinnufyrirtækis, sem er sameign ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur. Laun-um þeirra og öðrum starfskjörum var ráðið með kjara-samningi milli stéttarfélags þeirra og vinnuveitendasamtaka, en kjarasamningur þessi var uppsegjanlegur með eins mán-aðar uppsagnarfresti.

Eigi var gerður skriflegur samningur við hvern vélstjóra, og ætla verður, að framkvæmdastjóri Landsvirkjunar hafi ráðið þá til starfa, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 115/1966. Í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 59/1965 er ekki skilgreint, hvað felist í ákvæðinu um, að fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar skuli hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, og ekki er þar vísað til ákvæða laga nr. 33/1915. Þegar litið er til ráðningarháttar, ráðningarkjara, eðlis starfs vélstjóra þeirra, er um er fjallað í máli þessu, og þess, að vinnuveitandinn er sjálfstætt sameignarfyrirtæki, sem eigendur, ríkissjóður og borgarsjóður Reykjavíkur, bera einungis einfalda ábyrgð á, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1965, verður ekki talið, að vélstjórar þessir falli undir þann hóp manna, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 33/1915, enda verður

að krefjast skýrra lagafyrirmæla til að fella ný fyrirtæki og starfshópa undir ákvæði þeirra laga.

Samkvæmt þessu veittu ákærðu ekki tilstyrk sinn til ólöglegs verkfalls samkvæmt 1. gr. laga nr. 33/1915, og ber því að sýkna þá af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að leggja allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærðu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Örn Jóhannsson Steinsson og Ingólfur Sigurðs Ingólfsson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmans, kr. 40.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1971.

Ár 1971, þriðjudaginn 23. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 111-112/1971: Ákæruvaldið gegn Erni Jóhannssyni Steinssyni og Ingólfi Sigurðs Ingólfssyni, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 11. maí 1970, gegn:

1. Erni Jóhannssyni Steinssyni vélstjóra, Dælustöðinni Reykum í Mosfellssveit, fæddum 26. maí 1921 í Reykjavík,
2. Ingólfi Sigurðs Ingólfssyni framkvæmdastjóra, Safamýri 13, Reykjavík, fæddum 31. desember 1928 á Akranesi, og er sakargiftum lýst þannig í ákæru:

„Er ákærðu báðum gefið að sök að hafa gerzt brotlegir samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna með því að hafa af hálfu samtaka vélstjóra átt hlut að því að stofna og boða til verkfalls fastráðinna vélstjóra við orkuver Landsvirkjunar með bréfi Vélstjórafélags Íslands, dagsettu

24. nóvember 1969, til Landsvirkjunar, eftir að stjórn og trúnaðarmannaráð félagsins, þ. á m. ákærðu báðir, höfðu samþykkt á fundi sínum 18. nóvember 1969 að fela samninganefnd félagsins að boða til þessarar vinnustöðvunar. Var Örn á þessum tíma formaður Vélstjórafélags Íslands, en Ingólfur Sigurðs framkvæmdastjóri þess. Kom síðan til verkfalls fjögurra vélstjóra við Gufuafllsstöðina við Elliðaár hinn 2. og 3. desember 1969 í samræmi við fyrrgreinda verkfallsboðun Vélstjórafélags Íslands frá 24. nóvember 1969, enda þótt fastráðnir vélstjórar við orkuver Landsvirkjunar teljist til opinberra sýslunarmanna og beri réttindi og skyldur sem slíkir, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 59/1965 og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 115/1966 um Landsvirkjun.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Á árinu 1942 var stofnað Mótórvélstjórafélag Íslands, og voru félagar í því menn, sem lokið höfðu prófi frá vélstjóranámskeiðum Fiskifélags Íslands. Fyrir var þá Vélstjórafélag Íslands, en það veitti inngöngu þeim mönnum, sem tekið höfðu próf úr Vélskóla Íslands. Á árinu 1966 tók vélskólinn við allri kennslu vélstjóra, og eftir það hófust umræður milli vélstjórafélaganna tveggja um sameiningu félaganna. Samþykkti aðalfundur í Mótórvélstjórafélagi Íslands 28. desember 1967 að sameina félagið Vélstjórafélagi Íslands, og á aðalfundi vélstjórafélagsins 22. janúar 1968 var tilsvareandi samþykkt gerð. Ákveðið var, að fyrst um sinn skyldu stjórnir beggja félaganna taka sæti í stjórn hins nýja sameinaða félags, unz ný stjórn hefði verið kjörin. Samkvæmt þessu varð stjórnin þannig skipuð:

Frá vélstjórafélaginu: Örn Steinsson, Guðmundur Pétursson, Guðmundur Jónsson, Andrés Andrésson, Jón Hjaltested, Þór Birgir Þórðarson og Kristján Hafliðason.

Frá mótórvélstjórafélaginu: Daniel Guðmundsson, Guðjón Sveinbjörnsson, Jón Sigurður Pétursson, Kári Guðbrandsson og Sveinn Þorbergsson.

Stjórnin var þannig skipuð, er atburður sá varð, er mál þetta er risið af. Var ákærði Örn Steinsson formaður félagsins.

Ákærði Ingólfur Sigurðs Ingólfsson er framkvæmdastjóri Vélstjórafélags Íslands.

Hinn 9. marz 1967 var gerður samningur um kaup og kjör fastráðinna vélstjóra við störf í orkuverum Landsvirkjunar, og voru aðiljar að samningnum Vinnuveitendasamband Íslands fyrir

hönd Landsvirkjunar og Vélstjórafélag Íslands fyrir hönd vélstjórnanna. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur kjarasamningsins var ákveðinn þrír mánuðir hið skemmsta miðað við mánaðamót, en Landsvirkjun gat þó áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að 6 mánuðum samkvæmt nánari ákvæðum samningsins.

Með bréfi, dags. 28. ágúst 1967, tilkynnti vélstjórafélagið Landsvirkjun, að það segði upp kjarasamningum þessum með eins mánaðar fyrirvara, þannig að samningar væru lausir 30. september. Segir í bréfinu, að með tilliti til þeirrar óvissu, er nú ríki í launamálum, þyki rétt að hafa samningana lausa.

Vélstjórar í þjónustu Landsvirkjunar héldu þó áfram störfum á sömu kjörum og í samningnum voru ákveðin að viðbættum nokkrum vísitöluuppbótum.

Sumarið 1969 hófust umræður milli Vinnuveitendasambandsins og vélstjórafélagsins um kaup og kjör umræddra vélstjóra.

Af hálfu vélstjórafélagsins tóku þátt í samningum þessum ákærðu báðir, Haukur Einarsson og Ólafur Bjarnason, vélstjórar í Gufuafllsstöðinni við Elliðaár, Einar Ingvarsson, vélstjóri við Írafossstöð, og Guðmundur Eiríksson, vélstjóri við Steingrímsstöð.

Hinn 18. nóvember 1969 var fundur haldinn í stjórn- og trúnaðarmannaráði vélstjórafélagsins. Fundinn sóttu 14 manns, meðal þeirra ákærðu báðir. Á fundi þessum var þessi ályktun gerð:

„Fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs samþykkir að fela samninganefnd félagsins að boða til vinnustöðvunar í orkuverum Landsvirkjunar, þar sem eindreginn vilji starfsmanna kemur fram í atkvæðagreiðslu, þar sem atkvæði féllu þannig, að 31 sögðu já en 2 nei“.

Með bréfi, dags. 24. nóvember, tilkynnti Vélstjórafélag Íslands Landsvirkjun, að samþykkt hefði verið að boða til verkfalls í orkuverum Landsvirkjunar og mundi verkfallinu verða hagað þannig:

„1. Þriðjudaginn 2. des. 1969 kl. 0000 verður vinna lögð niður við gufukatla Gufuafllsstöðvarinnar v/Elliðaár, og varir vinnustöðvunin til kl. 2400 hinn 3. des. 1969.

2. Fimmtudaginn 4. des. 1969 kl. 0000 verða stöðvaðar allar vélar í Írafossstöð, og stendur stöðvunin til kl. 2400 hinn 5. des. 1969.

3. Föstudaginn 5. des. 1969 kl. 0000 verða stöðvaðar báðar vélar Steingrímsstöðvar, og stendur yfir til kl. 2400 hinn 5. des. 1969.

4. Mánud. 8. des. 1969 kl. 0000 verða stöðvaðar allar vélar Írafoss- og Steingrímsstöðvar án tímatakmörkunar“.

Landsvirkjun svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 25. nóvember. Leggur Landsvirkjun þar áherzlu á, að fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafi ekki verkfallsrétt.

Verkfall það, sem vélstjórafélagið hafði boðað til, kom til framkvæmda á miðnætti aðfaranótt 2. desember. Lögðu þá vélstjórar í Elliðaárstöðinni niður vinnu, og stóð verkfallið tvo sólarhringa, eins og boðað hafði verið. Í verkfallinu tóku þátt fjórir vélstjórar, Haukur Einarsson, sem kvaðst hafa átt vakt kl. 0000 til 0500 og frá kl. 2000 2. desember til kl. 0005 3. desember og kl. 2000—2400 sama dag, Ólafur Bjarnason, sem kvaðst hafa átt dagvakt 3. desember, Arni Snæbjörn Valdimarsson, sem kvaðst hafa átt tvær dagvaktir, og Helgi Daníelsson, sem minnr, að hann kæmi ekki á tvær vaktir.

Félagið varð við óskum Landsvirkjunar um að fresta verkfalli í Írafossstöð, og kom aldrei til þess verkfalls né heldur í Steingrímsstöð, enda tókust nýir kjarasamningar, er undirritaðir voru 11. desember.

Ákærði Örn kveðst sem formaður vélstjórafélagsins hafa verið í fyrirsvari af hálfu félagsins í kjaradeilunni og við samningagerðir. Hann segir, að samninganefndin hafi boðað verkfallið, séð um skipulagningu þess og framgang. Hann segir, að hann og félagar hans hafi talið, að lög um bann við verkföllum tæki ekki til vélstjóranna, og hafi þeir stuðzt við álit lögfræðinga í því efni.

Ákærði Ingólfur kveðst hafa sem trúnaðarmaður samþykkt heimild til vinnustöðvunar og síðan séð sem framkvæmdastjóri um ýmis framkvæmdatriði, svo sem að semja verkfallsáætlanina.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort lög nr. 33/1915 eigi við um þá menn, sem þátt tóku í verkfallinu 2.—3. desember 1969.

Samkvæmt 1. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59/1965 skulu ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur setja á stofn virkjanafyrirtæki, er nefnist Landsvirkjun, og er fyrirtæki þetta sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ríkið og Reykjavíkurborg eiga hvort um sig helming fyrirtækisins.

Stjórn Landsvirkjunar er skipuð sjö mönnum (8. gr. laganna), og kys sameinað Alþingi þrjá og borgarstjórn þrjá, en formann-

inn tilnefna ríkisstjórn og borgarstjórn sameiginlega, en Hæstiréttur, ef samkomulag verður ekki um skipun formannsins. Í 3. ml. 9. gr. laganna segir, að stjórnarmenn og fastir starfsmenn Landsvirkjunar hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Ríkisstjórn Íslands og borgarstjórn Reykjavíkur gerðu 1. júlí 1965 sameignarsamning um Landsvirkjun.

Af hálfu ákærðu er því eindregið haldið fram, að lög nr. 33/1915 eigi ekki við um umrædda vélstjóra, er starfa hjá Landsvirkjun. Þeir njóti ekki ýmissa réttinda og fríðinda, sem opinberum starfsmönnum séu veitt með lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um laun þeirra fari ekki eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Landsvirkjun virðist hafa gerzt aðili að Vinnuveitendasambandinu og samningar þess við vélstjórana séu hliðstæðir öðrum samningum sambandsins við stéttarfélög. Er bent á ákvæði 10. gr. samninganna um uppsagnarfrest, er veiti vélstjórunum miklu minna atvinnuöryggi en ríkisstarfsmönnum sé veitt í lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Um samninga þessa hljóti að eiga að gilda ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, þar á meðal um verkföll og verkbönn aðilja þeirra, sem að þeim standa.

Verjandi ákærðu hefur einnig bent á, að starfsmenn Landsvirkjunar séu ekki gerðir að opinberum starfsmönnum með ákvæðum 9. gr. laga nr. 59/1965, heldur segi þar, að fastráðnir starfsmenn hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, og sé eigi í lögnum né greinargerð þeirra nein skýring á því, hvað átt sé við með þessu ákvæði. Sé eðlilegast að líta svo á, að ætlunin hafi verið að veita þessum mönnum einhver fríðindi, sem opinberir starfsmenn hafa umfram aðra starfsmenn, svo sem lífeyrissjóðsréttindi, atvinnuöryggi o. s. frv., og að afbrot þeirra í starfi beri að meta sem afbrot opinberra sýslunarmanna, en þeir séu ekki með þessu gerðir að opinberum sýslunarmönnum gagnvart öðrum mönnum, þannig að 2. gr. laga nr. 33/1915 eigi ekki beint við um þá, sem hvetja eða tæla þá til verkfalls. Rétt sé að skýra ákvæði laga nr. 33/1915 þröngt, og virðist ekki hægt að beita 2. gr. með löggjöfnun um hina ákærðu í máli þessu. Þá hafi þeir hvorki „hvatt“ né „tælt“ menn til verkfalls, heldur einungis gert skyldu sína sem fyrirsvarsmenn vélstjóra og sé vafamál, hvort við slíkt sé átt í greininni, þar sem segir „eða veitir

á annan hátt tilstyrk sinn til þess, að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram“. Verði ákærðu því ekki sakfelldir samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1915, jafnvel þótt sú yrði niðurstaðan, að talið væri, að þau lög tækju til vélstjóra í þjónustu Landsvirkjunar.

Verjandinn bendir enn á, að hvorki forráðamenn Áburðarverksmiðju ríkisins né Sementsverksmiðju ríkisins telji, að lög nr. 33/1915 takmarki verkfallsrétt vélstjóra sinna, þótt fyrirtæki þessi séu ríkiseign.

Niðurstöður.

Í 1. gr. laga nr. 33/1915 er refsíabyrgð lögð við þátttöku í verkfalli, „enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar“. Starf vélstjóra þeirra, er lögðu niður vinnu í Elliðaárstöðinni 2.—3. desember 1969, var unnið í þágu landsins og borgarfélagsins. Þeir, sem tóku þátt í því, unnu því til refsingar samkvæmt nefndu ákvæði. Ákærðu veittu sem forsvarsmenn vélstjórafélagsins tilstyrk sinn til verkfalls þessa. Þeir hafa þannig bakað sér refsíabyrgð samkvæmt 2. gr. laga nr. 33/1915.

Lög nr. 33/1915 eru að ýmsu leyti ekki nægilega skýr í því efni, til hverra lögin taki. Starfsaðstaða vélstjóra hjá Landsvirkjun er á margan veg önnur en opinberra starfsmanna annarra, svo sem um ákvörðun kjaramála, og svo er að sjá sem forsvarsmenn annarra ríkisfyrirtækja, er líku máli gegnir um og Landsvirkjun, hafi í samningum við starfsmenn sína viðurkennt verkfallsrétt þeirra. Með hliðsjón af 3. tl. 74. gr. hegningarlaga þykir því rétt að fella niður refsingu á hendur hinum ákærðu, þótt þeir séu sakfelldir fyrir brot það, sem þeir eru ákærðir fyrir.

Rétt er samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961 að dæma hina ákærðu til þess að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hæstréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Eins og fyrr greinir, var mál þetta höfðað með ákæru 11. maí 1970, en dómara þeim, er kveður upp dóm þennan, var ekki falin meðferð málsins fyrr en 11. október 1970.

Dómsorð:

Ákærðu, Örn Jóhannsson Steinsson og Ingólfur Sigurðs Ingólfsson, teljast hafa brotið gegn 2. gr. laga nr. 33/1915, en þeim verður eigi dæmd refsing.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1971.

Nr. 64/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jóhanni Guðjónssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og sandómsmennirnir Angantýr Elíasson og Einar Guðmundsson skipstjórar hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, m. a. vottorð bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, þar sem segir, að m/b Hannes Lóðs sé 64.61 rúmlest að stærð.

Um skráningu bátsins segir svo í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 6. apríl s.l., til héraðsdómara:

„Að ósk yðar í símtali í dag varðandi skrásetningu m.s. „HANNES LÓÐS“ VE 7 (áður RE 15) á aðalskipaskrá skal þetta upplýst:

Þann 29. des. 1970 er undirrituð hér beiðni um skráningu skips á aðalskipaskrá, sem fylgir hér með í ljósriti. Í janúar s.l. barst svo hingað þinglýst afsal til handa nýjum eiganda.

Þessi skráningarskjöl eru hér ennþá, því ekki hefur unnizt tími til að mæla skipið upp, eins og lög mæla fyrir um, þegar eigendaskipti verða á skipum og bátum, og skipsskjöl